

22. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 19. september 2000 kl. 10:30 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf. Knarrarvogi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

Fundur með umhverfisráðherra.

G.B. og P.B. greindu frá fundi með umhverfisráðherra. Þar var m.a. fjallað um hvort ráðuneytið hefði hug á að nýta tilvonandi starfsmann FENÚR, til sérverkefna gegn greiðslu. Niðurstaðan var að Hollustuvernd ríkisins væri réttari vetvangur að leita samstarfs við, en ráðuneytið.

Samþykkt að fela G.B og P.B að halda áfram umleitunum um málið við Hollustuvernd.

Vinnuhópur LCA greiningar.

I.A. greindi frá viðræðum við HJB, Línuhönnun um rannsóknarstyrk vegna LCA greiningar. Nánari fréttir af umsókninni ættu að fást í október

Starfshópar og ráðgjafastjórn.

Lagahópur fundaði 19. september, þar var rædd skýrsla STENÚR, hóps á vegum umhverfisráðuneytis, sem nú er í kynningu hjá hagsmunaaðilum. Fundargerð verður aðgengileg á heimasíðu FENÚR.

Rætt um að FENÚR haldi ráðstefnu í haust, þar sem fjallað verði um lög og reglur málaflokksins, urðunartilskipun og fleira, sem ofarlega er á baugi. Tillaga kom fram um fundardag 27. október. Þáttökugjald verði kr. 2.000.00

Samþykkt að á fundi ráðgjafastjórnar þann 25. september nk. verði lögð fram óbreytt tillaga frá 21. stjórnarfundum um sameiningu starfshópa. Jafnframt verði lögð fram tillaga um að eftir sameiningu verði hópstjórar sjálfkrafa meðlimir í ráðgjafastjórn FENÚR.

Fundi slitið 11:15

Á.R.